

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 199/2014

199-2015i

frá 25. september 2014

## um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 228/2014 frá 10. mars 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 601/2006 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu, að því er varðar snið gagnasendinga og aðferðir við gagnasendingar <sup>(1)</sup>.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 19sa (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 601/2006) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32014 R 0228**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 228/2014 frá 10. mars 2014 (Stjtið. ESB L 70, 11.3.2014, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 228/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 70, 11.3.2014, bls. 16.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.